

Reykjavík, 1. mars 2019

Sæl/sæll.

Fyrir liggur að félagsmenn Eflingar hafa samþykkt verkfall þann 8. mars næstkomandi og af þeim ástæðum langaði mig að miðla eftirfarandi upplýsingum til hótélrekenda. Þetta eru atriði sem varða rétt okkar félagsfólks til þátttöku í verkfalli og skyldur atvinnurekenda í því sambandi.

- Réttur félagsmenna í stéttarfélögum til þátttöku í löglega boðuðu verkfalli er varinn af lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur sem og stjórnarskrá Íslands og Mannréttindasáttmála Evrópu.
- Samkvæmt 4. grein laga nr. 80/1938 er atvinnurekendum óheimilt að reyna að hafa áhrif á afskipti starfsmanna af stéttarfélögum og vinnudeilum.
- Samkvæmt 18. grein sömu laga er atvinnurekendum óheimilt að stuðla að því að afstýra framkvæmd vinnustöðvunar með því að láta aðra ganga í störf þeirra sem í verkfalli eru. Viðleitni til slíks er verkfallsbrot og Efling áskilur sér rétt til afskipta af slíkum brotum með verkfallsvörslu.
- Ofangreint á einnig við um félagsmenn annarra stéttarfélaganna á almennum vinnumarkaði. Í tilfalli verkfallsins 8. mars er þannig t.d. óheimilt að láta starfsfólk sem eru félagsmenn í VR ganga í störf starfsfólks sem er í Eflingu. Atvinnurekandi ber ábyrgð á framfylgd þessarar reglu.
- Með öllu er óheimilt að skylda starfsfólk til að taka á sig aukavinnu vegna verkfalls. Heimilt er að bjóða slíka vinnu sem valkvæða, og greiða fyrir hana yfirvinnukaup þegar við á.
- Um vinnu í verkfalli vísast að öðru leyti í [vinnuréttarvef ASÍ](#).
- Brot á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur varða skaðabótum og sektum og áskilur Efling sér allan rétt til málshöfðana fyrir Félagsdómi vegna verkfallsbrota.

Virðingarfyllst,



Sólveig Anna Jónsdóttir

formaður Eflingar - stéttarfélags